



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Reglur Sveitarfélagsins Árborgar um daggæslu barna í heimahúsum

Rekstrarleyfi til daggæslu er veitt af Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála að uppfylltum skilyrðum reglugerðar nr. 907/2005 með síðari breytingum 28.apríl 2023 um daggæslu barna í heimahúsum og hefur eftirlit með gæðum þjónustu á grundvelli laga nr. 88/2021, um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Sveitarfélagið Árborg hefur umsjón og innra eftirlit með starfsemi dagforeldra

Daggæsla í heimahúsum felur í sér samning foreldra/forráðamanna við dagforeldri um að taka barn í gæslu. Mælt er með því að foreldrar og dagforeldrar skrifi undir samning um daggæslu.

I. kafli

Yfirstjórn, rekstrarleyfisveitingar o.fl.

1. gr.

Yfirstjórn

Gæða- og eftirlitsstofnun veitir rekstrarleyfi til daggæslu barna í heimahúsum. Eingöngu þeir sem hafa rekstrarleyfi stofnunarinnar hafa heimild til að taka greiðslu fyrir slíka gæslu. Rekstrarleyfi til daggæslu með sex börn eða fleiri er háð ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sendir umsókn um rekstraleyfi til daggæslu í heimahúsum til velferðarnefndar til umsagnar. Velferðarnefndr veitir starfsmönnum Fjölskyldusviðs umboð til að veita Gæða- og eftirlitsstofnun umsögn og úttekt á heimili umsækjanda.

Allar ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt reglum þessum skulu kynntar hlutaðeigandi með tryggilegum hætti.

Um málsmeðferð, þ.m.t. tímafrest, vísast til VI. kafla reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 með síðari breytingum 28.apríl 2023.

2. gr.

Innra eftirlit Sveitarfélagsins Árborgar

Allir sem veita þjónustu sem lýtur eftirliti Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála skulu hafa virkt innra eftirlit með starfsemi sinni.

3. gr.

Umsjón og innra eftirlit með daggæslu í heimahúsum

Starfsmaður fjölskyldusviðs hefur með höndum og ber ábyrgð á daglegri umsjón og ráðgjöf með daggæslu í heimahúsum. Í því felst að veita dagforeldrum stuðning, fræðslu og ráðgjöf, sbr. ákvæði 34. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, með síðari breytingum 28.apríl 2023. Að öðru leyti vísast til X. og XI. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, með síðari breytingum 28.apríl 2023.

Sveitarfélaginu Árborg ber skylda að fara með innra eftirlit með daggæslu í heimahúsum, sbr. lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021.

4. gr.

Umsókn

Umsókn um rekstrarleyfi til daggæslu barna í heimahúsum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði inni á gev.is- mínar síður- umsókn um rekstrarleyfi til daggæslu barna í heimahúsum. Sótt er um rekstrarleyfið á grundvelli 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 og 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 sbr. einnig reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, með síðari breytingum 28.apríl 2023.

Með umsókn skulu fylgja þau gögn sem fram koma í 13. gr. reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, með síðari breytingum 28.apríl 2023 auk þeirra gagna sem tilgreind eru í 4. mgr.

Sé hundur og/eða köttur á heimili umsækjanda er auk þess gerð krafa um að umsækjandi skili ljósriti af leyfi til hunda- og/eða kattahalds, útgefna af Sveitarfélaginu Árborg, staðfestingu á greiðslu leyfisgjalds og vottorði dýralæknis um ormahreinsun.

5 gr.

Bráðabirgðarekstrarleyfi og endurnýjun rekstrarleyfa

Um bráðabirgðarekstrarleyfi og endurnýjun rekstrarleyfa, m.a. ef dagforeldri skiptir um húsnæði og/eða nýr fullorðinn einstaklingur flytur inn á heimilið, vísast til 14. og 15. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, með síðari breytingum 28.apríl 2023.

6. gr.

Rekstrarleyfissvipting

Um skilyrði og málsmeðferð vegna sviptingar rekstrarleyfis til daggæslu í heimahúsum og þess að skilyrði til rekstrarleyfisveitingar eru ekki lengur fyrir hendi eða annarra atriða sem benda til að ekki fari nægilega vel um barn hjá dagforeldri, vísast til XI. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, með síðari breytingum 28.apríl 2023.

7.gr.

Skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingu samkvæmt reglum þessum eru:

1. Aldur: Umsækjendur mega ekki vera yngri en 20 ára þegar leyfi er veitt í fyrsta sinn. Dagforeldrar sem náð hafa 65 ára aldri fá leyfi endurnýjað til eins árs í senn.
2. Námskeið: Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að umsækjandi hafi sótt starfsréttindanámskeið dagforeldra. Sveitarfélagið Árborg greiðir helming námskeiðsgjalds á móti umsækjanda vegna þátttöku á starfsréttindanámskeiði og greiðir skyndihjálparnámskeið annað hvert ár. Heimilt er að veita undanþágu frá því skilyrði ef umsækjandi hefur menntun á sviði uppeldismála sem metin eru fullnægjandi, auk þess að hafa lokið námskeiði í skyndihjálpar.
3. Styrkir: Sveitarfélagið Árborg veitir stofnstyrk til nýrra dagforeldra að upphæð 100.000 kr. Helmingur styrksins er greiddur við upphaf starfs og seinni helmingur þegar dagforeldri hefur starfað í átta mánuði. Einnig veitir sveitarfélagið aðstöðustyrk árlega að upphæð 30.000 kr. fyrir hvert barn sem er með lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg, að hámarki fyrir fimm börn á tímabilinu 1.október-30.september ár hvert. Styrkurinn er til dagforeldra sem starfað hafa lengur en eitt ár og er meðal annars til að mæta kostnaði vegna neyðarhnapps. Styrkinn þarf að sækja um fyrir 20. október og er hann greiddur út í nóvember. Dagforeldr ar þurfa að sækja um styrkinn hjá fjölskyldusviði Árborgar, sótt er um rafrænt í gegnum mín Árborg.
4. Læknisvottorð: Vottorðið skal staðfesta að ekki hafi fundist merki um sjúkdóm sem hindrað geti að umsækjandi geti tekið að sér daggæslu barna í heimahúsi. Einnig skal koma fram að aðrir heimilismenn hafi verið skoðaðir og ekkert athugasemdi fundist við heilsufar þeirra sem hindri samvistir við börn.
5. Umsögn/meðmæli: Umsögn síðasta vinnuveitanda eða umsögn tveggja ábyrgra aðila ef atvinnurekanda er ekki til að dreifa. Umsögnin skal bera með sér að umsækjandi teljist hæfur til að taka að sér barn í daggæslu.
6. Daggæsla í fjöleignarhúsi: Fari daggæsla fram í fjöleignarhúsi skal liggja fyrir samþykki annarra eigenda samkvæmt lögum um fjöleignarhús.
7. Daggæsla í leiguhúsnaði: Fari daggæsla fram í leiguhúsnaði skal liggja fyrir samþykki leigusala samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga.
8. Í undantekninga tilvikum getur íbúðarhúsnaði sem sérstaklega er tekið á leigu undir daggæslu talist heimahús enda aðbúnaður ekki lakari en ef um einkaheimili væri að ræða og húsnaðið hentar vel undir daggæslu.
9. Umsækjandi og aðrir heimilismenn 15 ára og eldri skulu veita Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála heimild til að afla sakavottorðs um sig. Komi fram á sakavottorði að umsækjandi, eða annar heimilismaður, 15 ára og eldri, hafi hlotið refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og brotið beinst að einstaklingi undir 18 ára aldri, verður í engum tilvikum veitt leyfi til daggæslu barna. Um önnur brot sem fram koma á sakavottorði umsækjanda eða annars á heimilinu skal meta hvort þau hafi áhrif á hæfni umsækjanda til að hafa barn í umsjá sinni.

10. Húsakynni: Leiksvæði fyrir hvert barn skal að lágmarki vera 3 fm á gólfleti. Aðstaða til útivistar skal einnig vera hættalaus en jafnframt þarf að vera til staðar viðunandi aðstaða til hvíldar. Dagforeldri skal að lágmarki hafa 2 börn í gæslu. Ef um sex börn eða fleiri er að ræða skal liggja fyrir starfsleyfi heilbrigðiseftirlits Suðurlands í samræmi við reglugerð um hollustuhætti.
11. Brunavarnir: Fyrir liggi skoðun Brunavarna Árnessýslu á brunavörnum á heimili umsækjanda. Reykskynjarar, eldvarnateppi og slökkvitæki skulu vera í íbúðinni. Við skoðun eldvarnaeftirlits skal farið yfir hversu margir reykskynjarar þurfi að vera í íbúðinni og staðsetningu þeirra.
12. Lóð, leiktæki og leikföng: Lóð, leiktæki og leikföng skulu uppfylla ákvæði reglugerðar um hollustuhætti, reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim og reglugerðar um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar eftir því sem við á.
13. Afskipti barnaverndarþjónustu: Starfsmaður barnaverndarþjónustu veitir umsögn um að umsækjandi hafi ekki orðið uppvís að broti á barnaverndarlögum eða hafi verið grunaður um slíkt. Hafi barnaverndaryfirvöld haft afskipti af umsækjanda meta starfsmenn fjölskyldusviðs Árborgar umsóknina út frá afskiptum barnaverndar.
14. Neyðarhnappur. Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að dagforeldri sé með neyðarhnapp sem gefur talsamband við stjórnstöð sem getur brugðist við ef þörf krefur. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði þessu séu tveir eða fleiri dagforeldrar starfandi saman að daggæslu í heimahúsi.

Auk framangreindra skilyrða skal dagforeldri kaupa slysatryggingu vegna barnanna innan mánaðar frá því leyfi var veitt og framvísa staðfestingu þar að lútandi til umsjónaraðila.

Tóbaksreykingar svo og neysla hvers kyns vímugjafa eru með öllu óheimilaðar meðan á dagvistun barna stendur.

II. kafli

Ábyrgð og skyldur foreldra

8.gr.

Ábyrgð foreldra

Ákvörðun um vistun barns hjá dagforeldri og val á þeim er ætíð á ábyrgð foreldra.

Foreldrar skulu kynna sér ítarlega reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, með síðari breytingum 28.apríl 2023 sem og reglur þessar.

Á foreldrum hvílir víðtæk ábyrgð og skylda til að upplýsa dagforeldra um alla þá þætti sem snerta venjur, sérþarfir og annað sem skiptir máli fyrir velferð barns.

Á foreldrum hvílir einnig sú ábyrgð að kynna sér vel allar aðstæður hjá dagforeldri í upphafi gæslu og fylgjast reglubundið með aðbúnaði barns meðan á gæslu stendur. Í þeim samskiptum skulu foreldrar virða það að um heimahús er að ræða.

Um ábyrgð, skyldur og réttindi foreldra vísast til VIII. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, með síðari breytingum 28.apríl 2023.

9. gr.

Skyldur foreldra

Í samráði við dagforeldri skal gefa barni aðlögunartíma í samræmi við þarfir þess við upphaf vistunar og skal foreldri vera með barninu eftir þörfum.

Foreldrar skulu semja sérstaklega um dvalartíma barns. Breyting á dvalartíma er óheimil án samþykkis dagforeldra.

Foreldrar skulu ekki koma með veikt barn í gæslu.

Foreldrum ber að tilkynna dagforeldri um veikindi barns eins fljótt og kostur er.

Foreldrar, eða aðrir nákomnir, sem koma með og sækja barn, skulu klæða barn í og úr utanyfirfötum.

Börn skulu vera hrein og í hlýlegum fötum og hafa meðferðis fatnað til skipta og skjólfatnað.

Foreldrar skulu gefa dagforeldrum nákvæmar upplýsingar um hvernig hægt er að ná sambandi við þá meðan á gæslu stendur. Skylda er að tilkynna ef breytingar verða að þessu leyti.

Til að fylgjast með öryggi, líðan, þroska og þörfum barns hjá dagforeldrum skulu foreldrar hafa frumkvæði að virkum samskiptum við dagforeldra og leitast við að hafa þau samskipti hreinskilin og óþvinguð. Í þeim samskiptum skulu foreldrar virða það að um heimahús er að ræða. Mikilvægt er að foreldrar og dagforeldrar virði gagnkvæman uppsagnarfrest.

Telji foreldri daggæslu ábótavant og/eða ef hann telur að dagforeldri uppfylli ekki lengur skilyrði leyfisveitingar skal, hann strax tilkynna það til fjölskyldusviðs Árborgar.

III. kafli

Ábyrgð og skylda dagforeldra

10 gr.

Ábyrgð dagforeldra

Dagforeldrar bera ábyrgð á öryggi, andlegri og líkamlegri velferð og farsæld barns meðan á daggæslu stendur. Dagforeldrar skulu hlúa að barni í sem víðtækustum skilningi. Þetta á jafnt við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útiveru, tilfinningalíf og félagslega líðan barns. Með öllu er bannað að beita barn andlegu eða líkamlegu ofbeldi.

Dagforeldrar skulu kynna sér ítarlega reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, með síðari breytingum 28.apríl 2023 sem og reglur þessar.

Á dagforeldrum hvílir víðtæk ábyrgð og skylda til að afla upplýsinga hjá foreldrum um alla þá þætti sem snerta venjur, sérþarfir og annað sem skiptir máli fyrir velferð barns.

Allar upplýsingar sem dagforeldrar fá um aðstæður og hag barns og/eða fjölskyldu skal fara með sem trúnaðarmál, með þeirri veigamiklu undantekningu sem fram kemur í 17. gr.

barnaverndarlaga nr. 80/2002 um tilkynningaskyldu til barnaverndarþjónustu. Dagforeldrar skulu undirrita drengskapsheiti við leyfisveitingu.

Um ábyrgð og skyldur dagforeldra vísast til IX. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, með síðari breytingum 28.apríl 2023.

11. gr.

Skyldur dagforeldra

Foreldrar eiga rétt á upplýsingum frá dagforeldrum um dagskipulag í grófum dráttum, matseðil í meginatriðum og aðra starfsemi utan heimahúss.

Foreldrar geta fengið upplýsingar um hversu mörg börn eru í daggæslunni. Einnig skulu dagforeldrar leita samþykkis foreldra fyrir flutningi barns í einkabifreið meðan á gæslu stendur.

Mikilvægt er að dagforeldrar geri viðbragðsáætlun vegna slysa, bruna og náttúruvár.

Dagforeldrum er skylt að stuðla að öryggi barna í hvívetna meðan á dvöl stendur. Um öryggi barna vísast nánar til 29. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, með síðari breytingum 28.apríl 2023.

Mikilvægt er að dagforeldrar og foreldrar virði gagnkvæman uppsagnarfrest.

Verði dagforeldrar þess áskynja að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi, er því skylt að gera barnaverndarþjónustu viðvart, sbr. 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

IV. kafli

Gildistaka o.fl.

12 gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með vísan til 33. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, með síðari breytingum 28.apríl 2023.

Reglurnar öðlast gildi við staðfestingu bæjarstjórnar Árborgar.

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd og staðfestar í bæjarstjórn Árborgar .

Reglur um niðurgreiðslu daggæslu barna í heimahúsum í Sveitarfélaginu Árborg

Reglur þessar gilda um niðurgreiðslur Sveitarfélagsins Árborgar vegna daggæslu barna í heimahúsum í Árborg. Niðurgreiðsla er greidd til lækkunar á daggæslugjöldum foreldra.

1. gr.

Réttur til niðurgreiðslu

Í Sveitarfélaginu Árborg geta allir foreldrar sem vista börn sín hjá dagforeldrum sótt um niðurgreiðslur vistunargjalds. Réttur til niðurgreiðslu gildir að hámarki ellefu mánuði á ári. Engar niðurgreiðslur eru vegna barns sem skráð er í leikskóla og dvelur í daggæslu meðan á sumarleyfi leikskólans stendur. Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu vegna námskeiðsdags tvo daga á ári. Einnig er heimilt að loka tvo daga á mánuði vegna tilfallandi eigin veikinda eða veikinda barna, þessir dagar eru ekki uppsafnanlegir. Loki dagforeldri umfram framangreint lækkar niðurgreiðsla hlutfallslega. Dagforeldri ber að tilkynna foreldrum og daggæslufulltrúa/leikskólaráðgjafa um lokun umfram framangreinda daga eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en leyfi hefst þannig að til lækkunar niðurgreiðslu komi í þeim mánuði er umframlokun á sér stað.

Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til að kanna hvort farið er að reglum þessum, t.d. með skoðun gjaldskrár, dvalarsamninga og reikninga til foreldra.

2. gr.

Skilyrði niðurgreiðslu

Niðurgreiðslur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:

- * Skilyrði niðurgreiðslu til lækkunar daggæslugjalda er að skráð lögheimili barns í þjóðskrá og föst búseta þess sé í Árborg.
- * Forsjárforeldri sækir um niðurgreiðslu í gegnum Mína Árborg á heimasíðu Árborgar. Endurnýja þarf umsókn um niðurgreiðslu ef skipt er um dagforeldri.
- * Að dagforeldri hafi rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála til daggæslu á heimili sínu.
- * Einstæðir foreldrar geta sótt um niðurgreiðslu frá því að barn nær 6 mánaða aldri.
- * Foreldrar í sambúð og hjónabandi geta sótt um niðurgreiðslur frá því að barn nær 12 mánaða aldri.
- * Niðurgreitt er mánaðarlega. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð, fyrsta virkan dag í hverjum mánuði. **Ef dagforeldri skilar inn upplýsingum eftir 20. dag mánaðarins getur það leitt til þess að ekki sé unnt að greiða fyrirfram vegna næsta mánaðar á eftir.**
- * Ef breyting/uppsögn verður á vistunartíma barns ber dagforeldri og foreldrum að tilkynna það til fjölskyldusviðs eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en breyting á sér stað. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur vegna breytinga er einn mánuður og skal breyting miðast við 1. og 15. hvers mánaðar.
- * Ef dagforeldri verður vart við mistök í niðurgreiðslu ber því að tilkynna til fjölskyldusviðs án tafar.

* Komi í ljós að Sveitarfélagið Árborg hafi ofgreitt niðurgreiðslu af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga frá dagforeldri, mun Sveitarfélagið Árborg lækka niðurgreiðslu til dagforeldris við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sé hætt í daggæslu. Ef ekki reynist unnt að skuldajafna fer krafan í innheimtu sem hefur í för með sér vaxta- og innheimtukostnað. Jafnframt hefur Sveitarfélagið heimild að veita dagforeldrum áminningu fyrir slíkt.

3.gr.

Fjárhæð niðurgreiðslu

Fjárhæð niðurgreiðslu miðast við vistunartíma barns og greiðist til dagforeldri sem lækkar vistunargjald foreldra sem því nemur. Hámarks niðurgreiðsla er sem hér segir:

- * Fyrir fjögurra tíma vistun 35.000 - krónur.
- * Fyrir fimm tíma vistun 43.750 - krónur.
- * Fyrir sex tíma vistun 52.500 - krónur.
- * Fyrir sjö tíma vistun 61.250 - krónur.
- * Fyrir átta tíma vistun og meira 70.000- krónur.

Systkinaafsláttur er milli leikskóla, frístundar og dagforeldra og reiknast afslátturinn alltaf á elsta barn. Hlutfall afsláttar er 50% með öðru barni og 100% með þriðja barni.

Ef systkin dvelja hjá dagforeldri á sama tíma þá er hámarks niðurgreiðsla fyrir annað barn:

- Fyrir fjögurra tíma vistun 52.500- krónur
- Fyrir fimm tíma vistun 65.625- krónur
- Fyrir sex tíma vistun 78.750- krónur
- Fyrir sjö tíma vistun 91.875- krónu
- Fyrir átta tíma vistun og meira 105.000- krónur

4.gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 42. gr. reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, með síðari breytingum 28.apríl 2023.

Reglur þessar voru samþykktar í velferðarnefnd 30.11.2023 og staðfestar í bæjarstjórn Árborgar 13.12.2023.

Reglurnar tóku gildi 13.12.2023.